

BLAISE PASCAL

Hugsanir

Um *Hugsanir* eftir Blaise Pascal: inngangur að þýðingu

Blaise Pascal fæddist í bænum Clermont í Frakklandi árið 1623 og ólst upp hjá föður sínum sem sá um menntun hans og tveggja systra hans. Móðir hans féll frá þegar hann var ungur að árum. Nokkru síðar flutti fjölskyldan til Parísar og þaðan til Rúðuborgar um skeið. Pascal varð snemma þekktur fyrir stærðfræðihæfileika sína og er talinn með helstu stærðfræðingum 17. aldar. Áður en hann náði sextán ára aldri vöktu skrif hans um rúmfræði at-
hygli og aðdán vísindamanna í höfuðborginni sem faðir hans umgekkst í hinni svokölluðu Mersenne-stærðfræðiakademíu. Innan við tvítugt hófst Pascal handa við gerð reiknivélar, „la roue pascale“ eða „paskalhjólið“. Hann fann upp líkindareikning og samdi ýmar ritgerðir um rannsóknir sínar á sviði raunvísinda, meðal annars um tómið, þríhyrninga og loftþrýsting, svo eitthvað sé nefnt.

Pascal mun ekki hafa alist upp við sérstaka trúrækni en fyrsta vakning hans í þeim efnum varð árið 1646 þegar öll fjölskyldan ákvað að taka upp kristilegra lífurni í kjölfar veikinda föðursins. Við fráfall hans gekk Jacqueline, yngri systirin, í klaustrið í Port-Royal des Champs í nágrenni Parísar. Pascal hellti sér út í rannsóknir og var í sambandi við ýmsa þekktu samtímamenn sína í Frakklandi, svo sem René Descartes og Pierre de Fermat. Hann kynntist efahyggju og fríhyggju, sem þá var nokkuð útbreidd, en fríhyggjumenn drógu í efa heimsmynd og boðskap kristninnar. Þann 23. nóvember 1654, frá klukkan hálfellefu um kvöld til klukkan hálfeytt eftir miðnætti, varð Pascal svo fyrir sterkri trúarlegri hugljómun sem hafði mikil áhrif á líf hans og hugsun þótt hann hafi ekki kosið að snúa baki við veraldlegu lífi eða



leggja vísindarannsóknir sínar á hilluna í kjölfarið. Hann skrifaði í tvígang niður lýsingu, sem hann kallar *Mémorial*, á vitruninni og hefst hún á orðinu *Feu* eða eldur: „Eldur, Guð Abrahams, Guð Ísaks, Guð Jakobs, ekki heimspekinga og menntamanna. Fullvissa, fullvissa, tilfinning, gleði, friður.“

Á síðari hluta 17. aldar, í kjölfar siðbótar og trúarbragðastríða, ríktu djúpstæðar deilur um trúmál í Frakklandi. Þær snerust meðal annars um hina guðlegu náð og hverjum hún félli í skaut og hvers vegna. Jesúítar og jansenistar voru fulltrúar andstæðra sjónarmiða. Hreyfing jesúíta, sem stofnuð var sem andsvar kaþólsku kirkjunnar við siðbótarhugmyndum Lúthers og Kalvíns, bauð villuráfandi sauðum aflausn og fyrirgefningu ef þeir játuðu syndir sínar og sýndu iðrun. Þannig var hægt að ganga að náðinni vísri, sama hvernig einstaklingurinn hafði hagað lífi sínu. Jansenistar höfðu aðra sýn í þessum efnum. Þeir aðhylltust kenningar flæmska guðfræðingsins Cornelíusar Jansen en hann var höfundur verksins *Augustinus* sem kom út árið 1640. Eins og heiti verksins gefur til kynna var Janseníus undir sterkum áhrifum af kenningum Ágústínusar kirkjuföður og í ritinu boðaði hann afturhvarf til hugmynda hans um kristna trú.¹ Hann fjallaði meðal annars um áhrif syndafallsins á mannlegt eðli: hinn spillti (fallni) maður er veikgeðja og sjálfhverfur og aðeins hinir útvöldu munu öðlast náð Guðs. Þessi dökka og vonlitla mynd af manninum þótti líkjast hugmyndum kalvínista sem farið höfðu halloka í trúarbragðastríðunum. Í hópi jansenista var einnig að finna andstæðinga páfans en því var jansenisminn illa liðinn af yfirvöldum enda olli hann djúpstæðum klotningi innan kirkjunnar og samfélagsins.

Um árabíl var höfuðvígi jansenista að finna í gamla klaustrinu í Port-Royal des Champs. Klaustrinu var stýrt af móður Angélique Arnauld, abbádís, en hún var systir Antoinettes Arnauld, guðfræðings við Sorbonne-háskóla. Systkinin voru bæði höll undir jansenisma og var Arnauld ásakaður um villutrú vegna skrifa sinna til varnar Cornelíusi Jansen og afstöðu sinnar í deilunni um hina guðlegu náð. Pascal blandaði sér í umræðuna og skrifaði samtals átján nafnlaus bréf þar sem hann tók upp varnir fyrir Arnauld og skoðanir hans og deildi á jesúítana. Fyrstu tíu bréfin voru stíluð á ímyndaðan vin á landsbyggðinni, sex bréf voru stíluð á jesúítana og þau tvö síðustu á skrifstofu konungs. Fyrsta bréfið, *Première Provinciale*, birtist í janúar 1656 og það síðasta í marsmánuði 1657. Bréfin voru prentuð ólöglega af ýmsum prenturum; þau voru víðlesin og vöktu athygli fyrir einfaldan og hárbeyttan stíl og urðu einnig til þess að gera kenningar jansenistanna skiljanlegri al-

¹ Um áhrif Ágústínusar á hugsun og bókmenntir á 17. öld, sjá til dæmis Philippe Sellier, *Pascal et saint Augustin*, París: Armand Colin, 1970.

menningi. Saman mynda þau hið þekkt verk *Les lettres provinciales (Bréf til vinar á landsbyggðinni)*. Eftir bréfaskrifin sneri Pascal sér aftur að vísindunum en einnig að undirbúningi verks til varnar trúnni sem hann náði ekki að ljúka við áður en hann féll frá, 39 ára gamall. Giberte, eldri systir hans, skrifaði ævisögu bróður síns, *Vie de Monsieur Pascal*, nokkrum árum eftir andlát hans.² Fyrir áhrif jesúíta lét Loðvík XIV loka klaustrinu í Port-Royal árið 1709 og þremur árum síðar var það jafnað við jörðu.

Þegar Blaise Pascal lést árið 1662 hafði hann ekki náð að klára öll þau verk sem hann hafði lagt drög að. Eitt þeirra var ritið *Apologie de la religion chrétienne* eða *Til varnar kristinni trú* sem nú er þekkt undir heitinu *Pensées* eða *Hugsanir*. Pascal hafði safnað saman hugsunum sínum um efnid um árabíl og helgað því síðasta árið sem hann lifði. Hann skrifaði á stórar arkir en hann mun hafa klippt þær niður í brot þegar hann kynnti fyrirhugað verk sitt í erindi í Port-Royal árið 1658. Fyrsta útgáfan bar heitið *Pensées de M. Pascal sur la Religion, et sur quelques autres sujets, qui ont esté trouvées après sa mort parmi ses papiers* (*Hugsanir M. Pascals um trúna, og nokkur önnur málefni, sem fundust í blöðum hans eftir andlát hans*) og kom hún út í París í janúarmánuði 1670.³ Þar hafði þeim brotum sem þóttu skýrust verið safnað saman og raðað upp með ýmsum leiðréttingum. Sú útgáfa var gagnrýnd þar sem texta Pascals hafði sumstaðar verið breytt og mörgum brotum sleppt. *Hugsanir* hafa verið endurútgefnar í nokkur skipti en verkefnið er vandasamt þar sem Pascal strikaði víða yfir orð og bætti öðrum við; auk þess er rithöndin ógreinileg og greinarmerkjanotkun lítil.⁴ Í hverri nýrri gerð er einhverjar breytingar að finna, ekki síst á uppröðun brotanna. Meðal þeirra var auk þess eitt og annað sem hafði lítið eða ekkert með varnarræðuna að gera: vangaveltur um ýmis málefni og önnur verk, persónulegar hugleiðingar, minnispointar og glósur. Brotin veita því afar forvitnilega innsýn í hugsun Pascals og vinnubrögð.

Það er ekki fullbúin ræða til varnar kristni sem lesandinn finnur í *Hugs-*

² „La Vie de Monsieur Pascal, écrite par Madame Périer, sa sœur, femme de Monsieur Périer, conseiller de la cour des aides de Clermont“, Pascal, *Œuvres complètes*, préface d’Henri Gouhier, présentation et notes de Louis Lafuma, Paris: Aux Éditions du Seuil, 1963, bls. 17–33.

³ *Pensées de M. Pascal sur la Religion, et sur quelques autres sujets, qui ont esté trouvées après sa mort parmi ses papiers*, Paris: Chez Guillaume Desprez, 1669.

⁴ Um skipulag og skýrleika handritsins eru skiptar skoðanir, sjá til dæmis Louis Lafuma, „Introduction“, Pascal, *Œuvres complètes*, préface d’Henri Gouhier, présentation et notes de Louis Lafuma, Paris: Aux Éditions du Seuil, 1963, bls. 493–494.

unum heldur brotakennd leið að óloknu verki. Það var meðal annars skrifað með frihyggjumenn í huga sem Pascal hafði umgengist og vildi í senn andmæla og hvetja til hugarfarsbreytingar. Stundum taka hugsanir á sig form samtals þar sem ólíkar raddir skiptast á skoðunum innra með höfundi. Hann reynir til að mynda að sannfæra efahyggjumanninn, með líkindareikningi, um að veðja á trúna, vegna þess að ef Guð er til hafi hann allt að vinna en sé hann ekki til sé tap hans fólgið í því að hafa haft rangt fyrir sér. Veðji hann hins vegar ekki á trúna og Guð reynist vera til, þá fari hann á mis við ódauðleikann, en sé Guð ekki til sé ávinningurinn sá að hafa haft rétt fyrir sér.⁵ Vísindamaðurinn áttar sig á smæð mannsins í alheiminum en trúmaðurinn vill gefa manninum vægi í hinu óendanlega sköpunarverki Guðs. Í *Hugsunum* skrifar Pascal um vanmátt skynseminnar til þess að skilja Guð, til þess að vernda manninn gegn veikleika hans og gera hlutskipti hans bærilegra í alheiminum. Hann sviptir hulunni af sjálfumgleðinni og blekkingarleiknum andspænis eymdinni sem býr innra með manninum. Hann fjallar um togstreitu hjartans og skynseminnar og er sannfærður um að hjartað hafi sín rök sem vegi þyngra en rök skynseminnar. Þrátt fyrir trúarlegt yfirbragð og skoðanir, sem rekja má til ritunartíma verksins og hugðarefna höfundar, eru skrif Pascals áhrifamikil og miðla sýn höfundar á mannlegt eðli, á manninn sjálfan og stöðu hans í heimi sem hann hefur ekki forsendur til þess að skilja.

Við þýðingu á þeim brotum sem hér birtast var stuðst við útgáfu Michels Le Guern sem kom út hjá Gallimard árið 1977.⁶ Til hliðsjónar var höfð útgáfa Louis Lafuma frá árinu 1963⁷ og vefútgáfa á brotum *Hugsana*.⁸ Stórir bókstafir sem birtast í þýðingunni eru vísanir Pascals til annarra kafla í handritinu, tölustafir vísa til greina innan kaflanna, litlir bókstafir eru viðbætur hans og birtast þær neðanmáls.⁹

Ásdís R. Magnúsdóttir

⁵ Framsetning Pascals er talsvert flóknari og lengri og mikið hefur verið skrifað um þennan kafla *Hugsana*, sjá til dæmis nýlega umfjöllun og heimildaskrá hjá Alan Hájek, „Pascal’s Wager“, *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* (Summer 2018 Edition), ritstjóri Edward N. Zalta, 1. september 2017, sótt 20. nóvember 2020 af <https://plato.stanford.edu/archives/sum2018/entries/pascal-wager/>.

⁶ Blaise Pascal, *Pensées*, I, Édition présentée, établie et annotée par Michel Le Guern, Paris: Gallimard, 1977.

⁷ Pascal, *Œuvres complètes*, préface d’Henri Gouhier, présentation et notes de Louis Lafuma, Paris: Aux Éditions du Seuil, 1963.

⁸ Dominique Descotes og Gilles Proust, *L’édition électronique des Pensées de Pascal*, sótt 20. nóvember 2020 af <http://www.penseesdepascal.fr/>.

⁹ Guðrúna Kristinsdóttur, sérfræðingi í frönskum bókmenntum 16. og 17. aldar, eru færðar þakkir fyrir góðar ábendingar við íslenska þýðingu textans.

BLAISE PASCAL

Hugsanir

(Nokkur brot)

IV Leiði
og eiginleikar sem tilheyra mannum

72

Dramb.

Oftast er forvitni ekki annað en hégómleiki; við viljum vita til þess eins að geta sagt frá; við legðumst ekki í siglingar ef við ætluðum ekki að segja frá þeim heldur njóta ánægjunnar af ferðinni einvörðungu, án væntinga um að deila henni nokkru sinni með öðrum.

73

Lýsing á mannum.

Öðrum háður, þráir sjálfstæði, hefur þarfir.

74

Leiðinn sem fylgir því að fara frá þeirri iðju sem við höfum bundist. Karlmaður á ánægjuríkt líf í hjónabandi sínu; ef hann sér konu sem fellur honum vel í geð og ef hann leikur sér í fimm eða sex daga og er ánægður, þá verður hann vesæll við það að taka aftur upp fyrri iðju. Ekkert er hversdagslegra en þetta.

VI. Mikilfengleiki

96

Ef dýr gerði af hugsun það sem það gerir af eðlishvöt, og ef dýr segði með hugsun það sem það segir af eðlishvöt varðandi veiðar og til þess að láta fé-laga sína vita að bráðin sé fundin eða týnd, þá myndi dýrið einnig tjá sig um hluti sem snerta það nánar, eins og til að segja: „Nagið þetta reipi sem særir mig og sem ég næ ekki til.“

97

Mikilfengleiki.

Ástæður afleiðinganna eru til marks um mikilfengleika mannsins, það að hafa búið til úr girndinni svo fallega skipan.

98

Goggur páfagauksins sem hann strýkur af þótt hann sé hreinn.

99

Hvað er það í okkur sem finnur ánægju? Er það höndin, er það handleggurinn, er það holdið, er það blóðið? Við munum sjá að það hlýtur að vera eitt-hvað óefnislegt.

100

Á móti efahyggjunn.

Við gerum ráð fyrir að allir skilgreini þau á sama hátt.¹⁰ En þessi afstaða okkar á sér enga stoð, því við höfum enga sönnun um að svo sé. Mér er ljóst að þessi orð eru notuð við sömu tækifæri, og að í hvert sinn sem tveir menn sjá hlut færast úr einum stað í annan tjá þeir það sem þeir sjá með sama orði og segja báðir að hann hafi færst til, og út frá þessu samræmi drögum við sterka ályktun um samræmi hugmynda, en það er ekki fullkomlega og óyggjandi sannfærandi þótt vel megi veðja um að svo sé, þar sem við vitum að við komumst iðulega að sömu niðurstöðu út frá ólíkum tilgátum.

Þetta nægir að minnsa kosti til að flækja málið, ekki þó þannig að það

¹⁰ „Þau“ vísar hér til orða eins og rúm, tími, hreyfing, sem samkvæmt Pascal útskýra sig sjálf en verða torskildari ef reynt er að útskýra þau, sjá Blaise Pascal, *Pensées*, I, bls. 274.

slökkvi algerlega hið náttúrulega ljós sem fullvissar okkur um þessa hluti. Akadémíkerarnir hefðu veðjað, en slíkt er til þess fallið að slá fölva á ljósið og koma kennisetningarmönnum úr jafnvægi, til dýrðar leynimakki efahyggjumannanna sem felst í þessari tvíræðu tvíræðni, og í vissu tvísýnu myrkri sem efi okkar getur ekki firrt öllu ljósi og sem náttúrulegar gáfur okkar geta ekki svipt öllu myrkri.

101

Við þekkjum sannleikann ekki eingöngu af skynsemi heldur einnig með hjartanu. Það er með hjartanu sem við þekkjum frumforsendurnar og það er ekki til neins fyrir skynsemina, sem er ekki ein þeirra, að reyna að berjast gegn þeim. Efahyggjumenn hafa þetta eina markmið og vinna ötullega að því, án árangurs. Við vitum að okkur er ekki að dreyma, þótt við séum ófær um að sýna fram á það af skynsemi; þessi vangeta sannar ekki annað en léttvægi skynseminnar, en ekki óáreiðanleika allrar þekkingar okkar, eins og þeir halda fram. Vegna þess að þekking á frumforsendunum, eins og að til séu rúm, tími, hreyfing og tölur, <er> jafn traust og öll sú þekking sem skynsemin færir okkur og það er á þessari þekkingu hjartans og innsæis sem skynsemin á að hvíla og byggja sína orðræðu. Hjartað finnur að það eru þrjár víddir í rúminu og að tölurnar eru óendanlega margar og síðan sýnir skynsemin að ekki eru til neinar tvær tölur í öðru veldi þar sem önnur er tvöfalt stærri en hin. Forsendurnar finnur maður innra með sér, um tilgátur er hægt að komast að niðurstöðu og allt gerist þetta með vissu þrátt fyrir að ólíkar leiðir séu farnar. Og það er jafn tilgangslaust og fáránlegt að skynsemin krefji hjartað um sannanir fyrir þessum frumforsendum til þess að geta verið sammála, og ef hjartað krefði skynsemina um tilfinningu fyrir öllum þeim tilgátum sem hún sannar til þess að geta meðtekið þær.

Þessi vangeta á því að þjóna þeim tilgangi einum að niðurlægja skynsemina, sem vill leggja dóm á alla hluti, en ekki að ráðast að fullvissu okkar eins og það væri skynsemin ein sem gæti upprætt okkur. Megi Guð hins vegar gera okkur kleift að hafa aldrei þörf fyrir hana og að geta þekkt alla hluti af innsæi og tilfinningu! En náttúran neitaði okkur um þann munað; þvert á móti þá lét hún okkur aðeins í té mjög litla þekkingu af þessu tagi; allrar annarrar þekkingar þurfum við að afla okkur með skynseminni.

Og af þeim sökum eru þeir sem Guð hefur fært Trúna af tilfinningu hjartans sælir og sannfærðir með réttu, en þeim sem ekki hafa trúna er einungis hægt að færa hana með röksemdafærslu, þar til Guð gefur þeim hana

með tilfinningu hjartans, því ella er trúin aðeins mannleg og gagnslaus til sáluhjálpar.

102

Ég get vel hugsað mér mann án handa, fóta eða höfuðs vegna þess að það er einungis reynslan sem kennir okkur að höfuðið sé nauðsynlegra en fæt-urnir. En ég get ekki hugsað mér manninn án hugsunar. Hann væri steinn eða skepna.

103

Eðlishvöt og skynsemi, einkenni tveggja náttúra.

104

Hugsandi reyr.

Það er ekki í rýminu sem ég mun finna verðleika minn heldur í stjórnun hugsana minna. Ég hef engan ávinning af því að eiga jarðir. Með rýminu umlykur alheimurinn mig og gleypir eins og punkt; með hugsuninni er það ég sem umlyk hann.

105

Mikilfengleiki mannsins er fölginn í því að vita að hann er vesæll; tré veit ekki að það er vesælt.

Maðurinn er vesæll af því hann veit að hann er vesæll en maðurinn er mikill af því hann veit að hann er vesæll.

106

Óefnisleiki sálarinnar.

Heimspekingarnir sem hafa náð stjórn á ástríðum sínum, hvaða efni hefur tekist það?

107

Öll þessi vesöld dregur fram mikilfengleika hans. Þetta er vesöld háttsetts herra, vesöld konungs sem hefur verið steypt af stóli.

Mikilfengleiki mannsins.

Mikilfengleiki mannsins er svo auðsær að hann er greinilegri en eynd hans vegna þess að það sem er eðli hjá dýrum köllum við eynd hjá mannum: þannig getum við séð að nú er eðli hans eins og eðli dýra, áður fyrr var eðli hans betra en hann hefur glatað því.

Hver er leiður yfir því að vera ekki konungur nema konungur sem steypst hefur verið af stóli? Var Paul Émile óhamingjusamur yfir því að vera ekki konsúll? Þvert á móti, allir töldu að hann væri hamingjusamur yfir því að hafa verið konsúll, vegna þess að hlutskipti hans var ekki að gegna ávallt þeirri stöðu. En öllum fannst Perseifur fjarska ólánsamur yfir því að vera ekki lengur konungur; þar sem hlutskipti hans var að vera það alla tíð furðaði fólk sig á því að hann skyldi afbera það að vera á lífi. Hver lítur á það sem ólán að hafa ekki nema einn munn og hver liti ekki á það sem ólán að hafa ekki nema eitt auga? Engum hefur líklega komið til hugar að kveinka sér yfir því að hafa ekki þrjú augu, en við værum óhuggandi ef við hefðum ekkert auga.

Mikilfengleiki mannsins í girnd sinni er að hafa verið fær um að hafa á henni aðdáunarverða stjórn og að hafa gert úr henni birtingarmynd náungakærleikans.

VIII. Skemmtun

123

Skemmtun.

Ef maðurinn væri hamingjusamur, væri hamingja hans því meiri sem hann nyti minni skemmtunar, líkt og dýrtingarnir og Guð.

– Já, en er ekki hamingjan fólgin í því að geta glaðst yfir skemmtun?

– Nei, vegna þess að hún kemur annars staðar frá og að utan; og þannig er hann háður henni og á þar af leiðandi á hættu að láta glepjast af ótal hlutum, sem valda óhjákvæmilegum þjáningum.

124

Skemmtun.

Þar sem mennirnir hafa ekki getað fundið lækningu við dauðanum, vesöld og fáfræði, hafa þeir tekið það ráð, til þess að vera hamingjusamir, að beina huganum í aðra átt.

Þrátt fyrir þessa vesöld vill maðurinn vera hamingjusamur, og vill ekki vera nema hamingjusamur, og er ekki þess megnugur að vilja ekki vera það.

En til hvaða ráða getur hann gripið? Ef vel ætti að vera þyrfti hann að gerast ódauðlegur en það getur hann ekki og því greip hann til þess ráðs að beina huganum í aðra átt.

125

Ég finn að ég gæti hafa ekki verið til, vegna þess að sjálfíð býr í hugsun minni: af því leiðir að ég sem hugsa hefði ekki orðið til ef móðir mín hefði dáið áður en ég fór að draga andann; af því leiðir að ég er ekki nauðsynleg vera. Ég er heldur ekki eilífur eða óendanlegur en mér er vel ljóst að í náttúrunni er ein vera sem er nauðsynleg, eilíf og óendanleg.

126

Skemmtun.

Á stundum, þegar ég hef velt fyrir mér ýmsum tegundum af glundroða meðal mannanna og erfiðleikunum og hættunum sem þeir mæta, bæði við hirðina og í stríðum, þar sem til verða svo margar deilur, ástríður og djörf en gjarnan óheppileg áform, hef ég oft látið þau orð falla að öll óhamingja mannanna eigi sér eina rót og hún er sú að geta ekki haldið kyrru fyrir inni í einu herbergi. Ef maður sem á nóg til hnífs og skeiðar væri fær um og fús

til þess að vera heima hjá sér, færi hann ekki þaðan út til þess að sigla út á sjó eða hefja umsátur; hann yrði sér ekki út um embætti í hernum fyrir fúlgur fjár nema vegna þess að honum þætti óbærilegt að vera um kyrrt í borginni; maður gefur sig ekki á tal við aðra og leitar ekki að skemmtun í leikjum nema maður uni sér ekki heima við.

En þegar ég gaumgæfði þetta nánar og eftir að hafa fundið uppsprettu allrar okkar óhamingju vildi ég finna hvað olli henni og ég komst að því að það er ein raunveruleg ástæða, sem felst í náttúrulegri ógæfu dauðlegs og veikgeðja hlutskiptis okkar, og hún er svo aumkunarverð að ekkert getur sfað okkur þegar við gefum því nánari gætur.

Það er sama hvaða hlutskipti við ímyndum okkur, með öllum þeim auði sem því gæti fylgt, þá er konungdæmið æðst og fegurst þeirra allra; ekki síst þegar við ímyndum okkur öll þau fríðindi sem því fylgja. Ef konungurinn hefur ekkert sér til skemmtunar og ef hann hefur næði til þess að hugsa um og velta því fyrir sér hvað hann er, mun þessi munarblíða sæla ekki veita honum neina vörn; ekkert getur hindrað hann í að hugsa um uppreisnir sem gætu ógnað honum, um dauða og sjúkdóma sem ekki er hægt að forðast, þannig að ef hann er án þess sem kallað má skemmtun er hann vansæll, og vansælli en auðmjúkasti þegn hans sem leikur sér og skemmtir. H.

Það er ástæða þess að peningaspil og félagsskapur kvenna, stríðsrekstur og háttsett embætti eru svo eftirsótt. Það er ekki vegna þess að þar sé að finna hamingju eða vegna þess að maður ímyndi sér að raunveruleg sæla sé í því fólgin að eiga peninga sem hægt er að vinna í spilum, eða með því að elta hlaupandi héra^{11a}; maður tæki ekki við honum ef hann væri gefins. Það er ekki þessi átakalitra og friðsæla tilvera, sem fær okkur til að hugsa um okkar auma hlutskipti, sem við sækjumst eftir, eða hættan sem felst í stríðsrekstri, eða erfiðni sem fylgir vinnunni; það er kliðurinn og ónæðið sem kemur í veg fyrir að við hugsum um hlutskipti okkar og sem styttr okkur stundir.

Það er af þeim sökum að menn eru svo hrifnir af hávaða og látum. Það er af þeim sökum að fangelsi er svo mikið kvalræði. Það er af þeim sökum að ánægja einverunnar er óskiljanleg. Og að lokum þá er mesti gleðigjafinn í hlutskipti konunga sá að við reynum án afláts að skemmta þeim og bjóða þeim upp á alls kyns ánægjuefni.^{12b}

Svona hafa mennirnir fundið upp á ýmsu til að gera sig hamingjusama.

^{11 a} Það er ástæða þess að við finnum meiri ánægju í því að elta dýrið en að ná því.

^{12 b} Konungurinn er umkringdur fólki sem hugsar um það eitt að skemmta honum og koma í veg fyrir að hann leiði hugann að sjálfum sér. Vegna þess að hann er vansæll, þótt hann sé konungur, ef hann leiðir hugann að því.

Og þeir sem þykjast vera heimspekingar í ofanálög og halda að fólk, sem eyðir öllum deginum í að hlaupa á eftir héra sem það myndi ekki borga fyrir, sé nánast rúið allri skynsemi, þeir þekkja vart eðli okkar. Þessi héri getur ekki varið okkur fyrir hugsunum um dauðann og þeirri vesæld sem dreifir huga okkar frá honum, en það geta veiðarnar gert.^{13a} A.^{14b}

Og því er það svo að þegar þeim er bent á að það sem þeir leita að svo ákaflega geti ekki uppfyllt væntingar þeirra, og ef þeir svörðu eins og þeim bæri ef þeir væru vel þenkjandi, að þeir væru aðeins á höttunum eftir ofsafenginni og ofbeldisfullri dægurstyttingu sem beindi hugsunum þeirra frá þeim sjálfum og að það væri þess vegna sem þeir settu sér eftirsóknarvert markmið sem hrífi þá og vekti með þeim ákefð, þá yrðu andstæðingar þeirra orðlausir.^{15c} En þeir svara ekki með þessum hætti vegna þess að þeir þekkja sig ekki sjálfir. Þeir vita ekki að það sem þeir sækjast eftir í raun er eftirförin en ekki bráðin sjálf.^{16d}

Þeir ímynda sér að ef þeim tækist að fá ákveðna stöðu gætu þeir notið þess að hvíla sig og þeir skynja ekki óseðjandi eðli græðginnar sem þeir eru haldnir; þeir trúa í einlægni að þeir leiti hvíldar en í raun leita þeir aðeins erils. Í þeim býr leynd hvöt sem fær þá til að leita að skemmtun og dægurstyttingu fyrir utan þá sjálfa, og sem stafar af gremjunni yfir stöðugri vesæld þeirra. Og í þeim býr önnur leynd hvöt sem eru leifar mikilleika okkar upprunalegu náttúru og hún gerir þeim kleift að skilja að hamingjan er einungis í kyrrðinni og ekki í glundroðanum. Af þessum tveimur andstæðu hvötum móta þeir sundurlausa ráðagerð sem þeir koma ekki auga á innst í sálarkimum sínum og hún fær þá til að leita sér hvíldar með því að vera sífellt að, og að ímynda sér að þeir finni fullnægjuna sem þeir búa ekki yfir ef þeir komast yfir ákveðna erfiðleika og að þá muni þeir geta lokið upp gáttum hvíldarinnar. Svona líður ævin: við leitum hvíldar með því að berjast við hindranir, og takist okkur að komast yfir þær er hvíldin óbærileg vegna leiðindanna sem henni fylgja: við verðum að losna undan því ástandi og grátbiðja um læti og ringulreið. Því að annað hvort hugsam við um eymdina sem við þekkjum eða þá eymd sem vofir yfir okkur. Og þótt við værum í skjóli fyrir allri eymd þá tækju leiðindin sér það bessaleyfi að spretta út úr dýpstu

¹³ ^a Þegar Pyrrhus var ráðlagð að njóta hvíldar, í stað þess að útkeyra sig, reyndist honum erfitt að fylgja því.

¹⁴ ^b Hégómleikinn, ánægjan sem felst í sýna öðrum hana [bráðina? Aths. þýð.].

¹⁵ ^c Dans: það er nauðsynlegt að hugsa vel um hvar maður setur fæturna.

¹⁶ ^d Aðalsmaðurinn trúir í einlægni að veiðar séu göfug ánægja og konungleg. En sá sem rekur hundana áfram er ekki á sömu skoðun.

fylgsnum hjartans þar sem náttúrulegar rætur þeirra liggja, og fylla hugann af eitri sínu. B.

Því er það svo að maðurinn er svo vesæll að honum leiðist án þess að nokkuð valdi honum leiðindum vegna þess hvernig eðli hans er. Og hann er svo hégómlegur að þótt hann búi yfir þúsund grundvallarástæðum fyrir því að finna til leiðinda mun jafnvel eitthvað smáræði eins og biljarðkjuði og kúla sem hann ýtir áfram duga til þess að lyfta honum upp.^{17a}

Hvernig má það vera að þessi maður sem missti einkason sinn fyrir örfáum mánuðum og sem var svo örvæntingarfullur í morgun vegna deilna og dómsmála, er nú farinn að hugsa um eitthvað annað? Látíð það ekki koma ykkur á óvart, hann er með allan hugann við ferðir villisvíns sem hundarnir hafa elt af ofsa síðustu sex klukkustundir: það þarf ekki meira til. Það er sama hversu mæddur maðurinn er, ef hægt er að sannfæra hann um að skemmta sér þá er hann hamingjusamur á meðan það varir; og það er sama hversu hamingjusamur maðurinn er, ef honum er ekki skemmt og ef hann er ekki upptekinn af einhverri ástríðu eða dæggradvöl sem kemur í veg fyrir að leiðindin nái tókum á honum, verður hann fljótt mæddur og leiður. Án skemmtunar er engin gleði; með skemmtun er engin hryggð; og það er líka það sem mótar hamingju fólks. D. af háum stigum er að það fólk hefur fjölda manns sér til skemmtunar og bolmagn til þess að viðhalda sér í því ástandi.

Takið vel eftir, því hvað annað er fólgið í því að vera ráðherra, dómsmála-

^{17 a} En hvert er markmið hans með þessu öllu, munt þú spyrja? Það að hreykja sér næsta dag með vinum sínum af því að hafa spilað betur en hinir. Þannig svitna menn á vinnustofum sínum til þess að geta sýnt lærðum mönnum að þeir hafi leyst algebrudæmi sem enginn hefur fundið lausn við, og margir aðrir setja sjálfa sig í lífshættu til þess að geta hreykt sér af því að hafa náð virki á sitt vald, sem mér finnst vera jafnmikill kjánaskapur. Og að lokum eru þeir sem keppast við að fylgjast með þessu öllu, ekki til þess að verða vitrari heldur einungis til þess að sýna að þeir viti þetta allt saman. Og þeir eru mestu kjánarnir í hópnum vegna þess að þeir vita að þeir eru kjánar, en um hina mætti halda að þeir væru það ekki ef þeir áttuðu sig á því. Einn maður lifir lífi sínu án leiðinda með því að spila dálítíð dag hvern. Gefið honum á hverjum morgni það fé sem hann getur unnið í spilum daglega með því skilyrði að hann spili ekki og þú munt valda honum óhamingju. Kannski léti einhver þau orð falla að hann væri á höttunum eftir ánægjunni af leiknum en ekki ávinningnum. Látíð hann þá spila, en ekki fyrir peninga, og honum mun ekki finnast það spennandi og honum mun leiðast: það er því ekki bara gamanið sem hann sækist eftir, langdregið og dauflegt gaman mun valda honum leiðindum. Hann þarf að verða ákafur og að blekkja sjálfan sig með því að ímynda sér að hann verði hamingjusamur við að vinna það sem hann myndi ekki vilja að honum væri gefið með því skilyrði að hann spilaði ekki, til þess að hann verði kappsamur og beini þrá sinni, reiði og ótta að þessu viðfangi sem hann hefur búið sér til, eins og börnin sem verða hrædd við sitt eigið andlit sem þau hafa þakið málningu.

ráðherra, þingforseti en það hlutskipti að fá, árla dags, fjölda manns úr öllum áttum sem hindra viðkomandi í að hugsa um sjálfan sig svo lengi sem eina klukkustund. Og þegar þeir falla í ónáð og eru sendir á sveitasetur sín þar sem þá skortir hvorki efni né þjóna til þess aðstoða þá við nauðsynjar, eru þeir stöðugt vesælir og telja sig vera afskiptir vegna þess að enginn kemur í veg fyrir að þeir leiði hugann að sjálfum sér.

127

Skemmtun.

Er konungleg tign í sjálfu sér ekki næg þeim sem hana hefur til að gera hann hamingjusaman, með því einu að virða hana fyrir sér? Þarf að beina huga hans frá þessari hugsun eins og á við um venjulegt fólk? Mér er vel ljóst að það er hægt að gera mann hamingjusaman með því að beina hugsun hans frá eymdinni heima fyrir og láta hug hans allan snúast um að dansa vel, en gildir það sama um konung og verður hann hamingjusamari við það að helga sig þessum hégómlegu skemmtunum en við það að virða fyrir sér eigin mikilleika? Og hvað gæti veitt honum meiri ánægju? Væri það ekki til að spilla gleði hans að þvinga sál hans til að stíga í takt við lag eða að koma höggi á bolta, í stað þess að leyfa honum að njóta þess að virða fyrir sér í næði þá tignu dýrð sem umlykur hann? Látum á það reyna, látum konunginn vera einan án þess að nokkuð gleðji skilningarvit hans, án nokkurs hugðarefnis, án félagsskapar, þannig að hann geti hugsað um sjálfan sig óhindrað, og þá munum við sjá að konungur án skemmtunar er vesæll maður. Því er vandlega reynt að komast hjá því og konungar eru þess vegna ávallt umkringdir fjölda manns sem sjá til þess að skemmtun taki við af störfum þeirra og sem vaka yfir því í öllum frítíma konunga að veita þeim ánægju og leiki til þess að ekki myndist tómarúm. Þeir eru þannig umkringdir fólki sem gerir allt sem í þess valdi stendur til að koma í veg fyrir að konungurinn sé einn og í þeirri stöðu að geta hugsað um sig sjálfan, vitandi að sú hugsun mun gera hann auman þrátt fyrir að hann sé konungur.

Í þessu samhengi er ég alls ekki að tala um kristna konunga sem kristna menn, heldur einungis sem konunga.

128

Skemmtun.

Það er auðveldara að þola dauðann án þess að hugsa um hann heldur en að þola hugsunina um dauðann án hættu.

Skemmtun.

Frá bernsku er mönnum falið að vaka yfir heiðri sínum, eigum, vinum, og þá yfir heiðri og eigum vina sinna; á þá er hlaðið alls kyns verkefnum, þeir þurfa að læra tungumál og íþróttir og þeim er leitt fyrir sjónir að þeir geti ekki vænst þess að vera hamingjusamir nema heilsa þeirra, heiður, aleiga þeirra og vina þeirra, sé sem skyldi; og vanti upp á eitt af þessu verði þeir óhamingjusamir. Því eru þeim falin verkefni og skyldur sem valda þeim áhyggjum frá dagrenningu.

– Ja hérna, segðir þú, þetta er undarleg leið til þess að gera þá hamingjusama; hvað væri betur fallið til þess að valda þeim óhamingju?

– Hvað áttu við? Hvað væri betur til þess fallið? Það væri nóg að taka af þeim allt þetta ómak því að þá sæju þeir sig sjálfa, þeir myndu hugsa um hvað þeir væru, hvaðan þeir kæmu, hvert þeir stefndu, og af þeim sökum er ekki hægt að fela þeim of mörg störf og dreifa huga þeirra um of. Og það er ástæða þess, að eftir að hafa fengið þeim svo mörg verkefni, að þeim er ráðlagt, ef þeir hafa einhverja auða stund, að nota hana sér til skemmtunar og leiks og að beita sér ætíð af lífi og sál.

Hjarta mannsins er sannarlega innantómt og fullt viðbjóðs.

XV. Hvernig þekkingin fer frá mannum til Guðs

182

Fordómar sem leiða í villu.

Það er sorglegt að sjá að allir láta sér nægja að velta vöngum um leiðir en ekki um markmið. Hver og einn hugsar um hvernig hann eigi að takast á við hlutskipti sitt, en það er hendingin sem ræður hlutskiptinu og föðurlandinu.

Það er dapurlegt að sjá svo marga Tyrki, villutrúarmenn og heiðingja fylgja í fótspor feðra sinna af þeirri ástæðu einni að það hefur verið haft fyrir þeim að það sé besta leiðin og þannig ákvarðast hlutskipti hvers og eins, lásasmiðs, hermanna, o.s.frv.

Það er þess vegna sem villimönnum stendur á sama um hina Guðlegu forsjón.

183

Hvers vegna er þekking mín takmörkuð, stærð mín, ævi mín við hundrað ár frekar en þúsund? Hvað vakti fyrir náttúrunni að gera mig svona og velja þennan stað frekar en annan í óendanleikanum, þar sem ekki er ríkari ástæða til þess að velja einn frekar en annan, þar sem ekkert freistar meira en annað.

[Lítið af öllu.

[Þar sem við getum ekki verið altæk og státað okkur af að vita allt sem hægt er að vita um allt, verðum við að vita lítið um allt, vegna þess að það er ákjósanlegra að vita dálítið um allt heldur en allt um eitthvað eitt. Þessi almenna þekking er best. Ef við gætum búið yfir hvoru tveggja væri það enn betra, en ef velja þarf annað hvort þá er það þetta sem við eigum að velja. Og fólk veit það og gerir það vegna þess að fólk hefur iðulega góða dómgreind.

[Skap mitt veldur því að ég þoli ekki þá sem kvakka eins og froskar og blása þegar þeir borða. Skapið vegur þungt. Hver er ávinningur af því? Eigum við að fylgja þessum þunga vegna þess að hann er náttúrulegur? Nei, við eigum að veita honum viðnám.

[Ekkert sýnir betur hégómeleika manna en vangaveltur um ástæður og áhrif ástarinnar, vegna þess að allur heimurinn hefur breyst af hennar völdum. Nef Kleópötru.]

H.5.

Þegar ég sé blindu og vesöld mannanna, þegar ég horfi á þöglan alheiminn og manninn án þekkingar, upp á sjálfan sig kominn og sem áttavilltan í þessum afkima heimsins án þess að vita hver kom honum fyrir þarna, hvað hann á af sér að gera, hvað verður um hann þegar hann deyr, ófæran um alla vitneskju, þá verð ég skelfingu lostinn eins og maður sem fluttur hefur verið sofandi á ógnvekjandi eyðieyju og vaknar án þess að vita <hvar hann er staddur> og á sér enga undankomuleið. Og þess vegna dáist ég að því að við skulum ekki fyllast örvæntingu yfir þessu vesæla ástandi. Ég sé aðrar manneskjur nálægt mér sem eru svipaðrar náttúru. Ég spyr þær hvort þær séu betur upplýstar en ég. Þær svara því neitandi og því næst hafa þessar vesælu villuráfandi sálar lítið í kringum sig og komið þar auga á ánægjuleg viðfangs efni, og þær hafa gefið sig að þeim og bundist þeim. Hvað mig varðar þá hef ég ekki getað bundist þeim og þegar ég virti fyrir mér hversu yfirborðsleg þau eru og lítið í þeim að finna annað en það sem má sjá, gáði ég hvort Guð hefði skilið þar eftir einhver ummerki.

Ég sé ólík og andstæð trúarbrögð, og þar með eru þau öll fólksk að einum undanskildum. Öll trúarbrögð vilja að þeim sé fylgt vegna vægis þeirra og hafa í hótunum við þá sem eru vantrúaðir. Ég fylgi ekki trúarbrögðum vegna hótana. Þetta geta allir sagt. Allir geta þóst vera spámenn, en ég sé kristnina og þar finn ég spádóma, og það er ekki öllum fært.

H.9.

Misræmi mannsins.

[Hingað komumst við með okkar náttúrulegu vitneskju. Ef hún er ekki sönn þá er engan sannleika að finna í mannum og ef hún er sönn þá er þar að finna tilefni auðmýkingar; í báðum tilvikum þarf hann að setta sig við auðmýkingu.]

[Og úr því að maðurinn getur ekki lifað án þessarar vitneskju, óska ég þess, áður en við hefjum miklar rannsóknir á náttúrunni, að hann virði náttúruna fyrir sér af alvöru og af yfirvegum, að hann líti einnig í eigin barm, og sjái hlutföllin þar á milli.]

Maðurinn ætti því að virða náttúruna fyrir sér í allri hennar háleitu tign og beina sjónum sínum frá þeim lágkúrulegu hlutum sem umkringja hann.

Hann ætti að horfa á þetta skæra ljós sem er eins og lampi sem lýsir upp alheiminn, jörðina ætti hann að sjá sem punkt í samanburði við hina geysistóru braut sólarinnar, hann ætti að furða sig á því að þessi víðfeðma braut er aðeins örlítill í samanburði við þær sem stjörnur himinhvolfsins fylgja á ferðum sínum. En ef sýn okkar lætur staðar numið við þetta, megi þá ímyndunaraflið taka við og horfa lengra; það mun þreytast af því að taka við og skilja, en náttúran mun halda áfram að færa því efni til umhugsunar. Allur hinn sjáanlegi heimur er ekki nema ógreinilegt strik í hinum stóra faðmi náttúrunnar. Engin hugmynd kemst nálægt honum; það er til lítils fyrir okkur að belgja skynjunina út fyrir það rúm sem við getum ímyndað okkur, það eina sem við búum til eru frumeindir í samanburði við raunveruleikann. Hvolfið er óendanlegt og miðja þess er alls staðar, útjaðarinn hvergi. Þegar allt kemur til alls þá er helsta skynjanlega einkennið um almætti Guðs einmitt það að ímyndun okkar fer villur vegar í þessari hugsun.

Megi maðurinn, þegar hann lítur í eigin barm, hugleiða hvað hann er í samanburði við það sem er, megi hann líta á sig sjálfan sem villuráfandi í þessum afkima náttúrunnar, og megi hann, úr þessari litlu dýflissu sem hann býr í, og þar á ég við alheiminn, læra að meta jörðina, konungsríkin, borgirnar og sig sjálfan að verðleikum.

Hvað er maður í óendanleikanum?

En til þess að finna annað furðuverk sem kemur jafn mikið á óvart, þá ætti hann að leita að því allra viðkvæmasta í því sem hann þekkir og þá getur smámaur sýnt honum í sínum undursmáa líkama líffæri sem eru enn smærri, fótleggi með liðamótum, æðar í fótleggjunum, blóð í æðunum, vökva í blóðinu, dropa í vökvunum, gufu í dropunum. Ef hann heldur áfram að kljúfa þetta niður í einingar með þessum hætti verður hann úrvinda af því að hugsa um það og gerum nú það síðasta sem hann kæmist að, að umfjöllunarefni okkar núna. Hann mun e.t.v. hugsa sem svo að þetta séu allra smæstu einingar náttúrunnar.

Ég vil að í þessu sjái hann nýtt hyldýpi. Ég vil ekki einungis draga upp fyrir hann mynd af hinum sjáanlega heimi heldur af víðerni náttúrunnar sem hægt er að skynja innra með þessari undursmáu frumeind; ég vil að hann sjái óendanlega marga heima sem hver hefur sinn himin, sínar plánetur, sína jörð, í sömu hlutföllum og hinn sýnilegi heimur, á þessari jörð dýranna, og að lokum smámaura þar sem hann mun finna það sama og hann fann í hinum fyrri og í þeim mun hann einnig finna það sama, endalaust og án afláts; ég vil að hann týni sér í þessum dásemdum sem eru jafn heillandi í smæð sinni og aðrar eru í umfangi sínu; vegna þess að hver getur ekki dáðst að því að líkami

okkar, sem fyrir stuttu var ekki greinanlegur í alheiminum sem sjálfur var ógreinanlegur í miðju alls, sé núna risavaxinn, heill heimur eða öllu frekar heild með hliðsjón af neindinni sem við komumst ekki að? Sá sem horfir þannig á sig vekur ótta með sjálfum sér; og þar sem hann horfir á sig borinn uppi af massanum sem náttúran gaf honum milli hyldýpanna tveggja, neindarinnar og óendanleikans, mun hann skjálfa andspænis þessum furðum og ég held að forvitni hans muni breytast í aðdáun og að hann verði líklegri til þess að virða þau fyrir sér í þögn heldur en að forvitnast um þau af yfirlæti.

Því hvað er maður í náttúrunni, þegar allt kemur til alls? Neind, með hliðsjón af óendanleikanum, heild með hliðsjón af neindinni, miðja á milli einskis og alls, óendanlega langt frá því að skilja það sem er á ystu mörkum. Tilgangur hluta og forsendur verða honum ávallt huldar og umluktar órjúfanlegri leynd.

Hann er jafn ófær um að sjá tómið sem hann er sprottinn úr og óendanleikann sem gleypir hann; hvað gerir hann því annað en að greina eitt-hvað sem er mitt á milli, í eilífri örvæntingu um að þekkja hvorki forsendu hlutanna né tilgang? Allir hlutir eiga uppruna sinn í neindinni og berast að óendanleikanum. Hver fylgist með þessari óvæntu ferð? Höfundur þessara dásemda skilur þær. Enginn annar er fær um það.

Þar sem mennirnir hafa ekki áttað sig á þessum óendanleika, hafa þeir glaðbeittir snúið sér að því að rannsaka náttúruna eins og þeir geti mælt hlutföll sín við hennar.

Það er undarlegt að þeir hafi viljað skilja frumforsendur hluta og öðlast þannig skilning á öllu, af stærilæti sem er jafn óendanlegt og viðfang þeirra. Því að það er enginn efi á því að ekki er hægt að hafa slík áform án oflætis eða án þess að hafa óendanlega getu, eins og náttúran.

Sá sem hefur notið menntunar skilur að þar sem náttúran hefur greypt ímynd sína og ímynd þess sem bjó hana til í alla hluti, þá eiga þeir nánast allir hlutdeild í tvöföldum óendanleika hennar. Þannig sjáum við að öll vísindi eru óendanleg með tilliti til rannsóknasviðs þeirra; hver efast um að rúmfræðin, til dæmis, búi yfir óendanlegum óendanleika af yrðingum? Þau eru einnig óendanleg hvað varðar fjölda og blæbrigði forsendna þeirra og hverjum er ekki ljóst að þau standa ekki ein og sjálf en hvíla á öðrum sem hvíla á enn öðrum og eru því aldrei þau síðustu?

En um þau síðustu sem skynsemin nemur fjöllum við eins og um efnislega hluti sé að ræða þegar við segjum að punktur sé ókljúfanlegur ef skynfæri okkar eru ekki lengur fær um að greina nokkurn skapaðan hlut, þó svo að punktinn megi kljúfa óendanlega og það liggja í eðli hans.

Af þessum tveimur gerðum óendanleikans í vísindum er sá sem lýtur að stærð skynjanlegri og af þeim sökum hafa fáar manneskjur þótt vita allt. „Ég ætla að tala um allt,“ sagði Demokritos.

En óendanleikinn í smæðinni er ekki eins sýnilegur. Heimspekingarnir hafa iðulega þótt skilja hann og þar hefur þeim öllum orðið á í messunni. Þannig hafa þessir kunnuglegu titlar séð dagsins ljós, *Um frumforsendur blutanna*, *Um frumforsendur heimspেকinnar*, og fleiri í þessum dúr, í raun jafn íburðarmiklir þótt þeir virðist ekki vera það, og þessi sem sker í augun: *De omni scibili* [*Um allt sem hægt er að vita*].

Við teljum okkur af náttúrunnar hendi eiga auðveldara með að komast að kjarna hlutanna en að átta okkur á ummáli þeirra, og hið sýnilega umfang heimsins er greinilega ofar okkar getu. En þar sem við erum stærri en smáir hlutir teljum við okkur fær um að skilja þá, engu að síður krefst það jafnmikill færni að nálgast neindina og að nálgast heildina. Færnin verður að vera óendanleg í báðum tilvikum, og mér virðist sem svo að sá sem gæti skilið hinstu rök hlutanna gæti einnig skilið óendanleikann. Neindin og óendanleikinn eru háð hvort öðru, annað leiðir til hins. Þessi endimörk snertast og sameinast vegna þess hversu fjarlæg þau eru hvort öðru, og þau eru bæði í Guði, og aðeins í Guði.

Við þurfum því að þekkja mörk okkar. Við erum eitthvað og við erum ekki allt. Sú tilvera sem við eigum rænir okkur þekkingu á frumforsendum sem spretta úr neindinni, og þessi litla tilvera sem við eigum kemur í veg fyrir að við getum séð óendanleikann.

Greind okkar hefur sama stað í skipan skiljanlegra hluta og líkami okkar hefur í víðfeðmi náttúrunnar.

Við erum takmörkuð að öllu leyti og þessi staða, í miðju tveggja endamarka, setur svip sinn á alla færni okkar. Skilningarvit okkar skynja ekkert sem er á ystu mörkum, of mikill hávaði slævir heyrn okkar, of mikil birta blindar okkur, of mikil fjarlægð og of lítil fjarlægð koma í veg fyrir að við getum séð. Sé mál of langt eða of stutt verður það torskilið, of mikill sannleikur kemur okkur úr jafnvægi. Ég þekki fólk sem getur ekki skilið að séu fjórir dregnir frá núlli þá er útkoman núll. Frumforsendurnar eru of augljósar fyrir okkur; of mikil ánægja veldur óþægindum, of mikill samhljómur spillir tónlistinni, og of mikið af góðverkum skapraunar fólki. Við viljum eiga nóg fyrir skuldinni: „*Beneficia eo usque laeta sunt dum videntur exsolvi posse; ubi multum antevenere, pro gratia odium redditur.*“ (Góðvild er vel þegin svo lengi sem við getum endurgoldið hana; ef hún fer yfir þau mörk breytist

þakklæti í þykkju.)¹⁸ Við finnum hvorki mikinn hita né mikinn kulda; öfga-
fullir eiginleikar eru óvinir okkar og við skynjum þá ekki, við finnum þá
ekki lengur, þeir valda okkur þjáningu. Of mikil æska og of mikil elli hindra
hugann, of mikill og of lítill lærdómur.

Að lokum þá eru þau fyrirbæri sem eru á ystu mörkum ekki til fyrir okkur
og við erum ekki til fyrir þeim; þau eru fyrir utan okkar skilning eða við utan
þeirra.

Svona er okkar raunverulega ástand. Það gerir okkur ófær um að vita
með vissu og að vera algerlega ókunnugt um eitthvað. Við reikum um víð-
feðma miðju, alltaf óviss og óstöðug, og okkur er ýtt frá einum endanum til
hins; höfum við ætlað að bindast einhverjum áfangastað og safna kröftum þá
er hann óstöðugur og hverfull, og ef við eltum hann smýgur hann ávallt úr
höndum okkur, rennur frá okkur og er á eilífum flóttu; ekkert nemur staðar
fyrir okkur. Þetta er okkar náttúrulega ástand og engu að síður er það and-
stætt löngunum okkar. Við brennum af þrá til að eiga samastað og trausta
endastöð þar sem við getum reist turn sem nær upp í óendanleikann, en öll
undirstaða okkar brestur og jörðin opnast niður í hyldýpi.

Leitum því hvorki að vissu né traustleika: skynsemi okkar verður fyrir
sífelldum vonbrigðum vegna hverfuleika þess sem sýnist; ekkert getur fest
hið endanlega milli tveggja óendanleika sem loka það inni og flýja það.

Þegar við höfum skilið þetta held ég að við getum unað sátt, hvert og eitt
þar sem náttúran kom okkur fyrir.

Þar sem þessi miðja sem er okkar sameiginlega hlutskipti er ætíð langt
frá endamörkunum, hverju skiptir þá þótt einhver hafi aðeins meiri þekk-
ingu á hlutunum; ef svo er lítur hann á þá úr örlítið meiri hæð; en er hann
ekki alltaf jafn óendanlega langt frá markinu? Og er ekki lífshlaup okkar jafn
örstutt þótt tíu ár bættist við? Í augum óendanleikans er allur endanleiki eins,
sama hver hann er, og ég veit ekki af hverju við ættum að beina ímyndunar-
aflinu frekar í eina átt en aðra.

Allur samanburður okkar við endanleikann veldur okkur angri.

Ef maðurinn byrjaði á því að rannsaka sjálfan sig sæi hann hversu ófær
hann er um komast lengra. Hvernig gæti hluti þekkt Heildina? En hann
mun ef til vill þrá að þekkja að minnsta kosti þá hluta sem hann getur mælt
hlutföll sín við. En heimurinn er gerður úr hlutum sem allir tengjast og flétt-
ast hver við annan þannig að ég held að ómögulegt sé að þekkja einn hluta
án þess að þekkja annan og án þess að þekkja Heildina.

¹⁸ Tacitus, *Annálar*, IV, 18; Michel de Montaigne, *Essais*, III, 8.

Maðurinn, til dæmis, tengist öllu því sem hann þekkir. Hann þarfnast staðar til þess að vera á, tíma til þess að vara, hreyfingar til þess að lifa, frumefna sem hann er búinn til úr, hann þarf hita og fæðu til að nærast, loft til þess að anda. Hann sér ljósið, hann finnur efnið, allt tengist honum á einhvern hátt. Því er nauðsynlegt, til þess að þekkja manninn, að vita hvernig á því stendur að hann þarfnist lofts til þess að lifa, og til þess að þekkja loftið, vita hvernig það tengist með þessum hætti lífi mannsins, o.s.frv.

Loginn lifir ekki án lofts; því þurfum við að þekkja annað til að þekkja hitt.

Þar sem allir hlutir eru þannig af völdum einhvers og valda einhverju, þeim er hjálpað og þeir hjálpa, þeir eru óbeinir og beinir, og allir tengjast þeir náttúrulegum og óskynjanlegum tengslum sem binda saman þá fjarlægustu og ólíkustu, tel ég að það sé ógerningur að þekkja hluta án þess að þekkja heildina, og á sama hátt er ógerningur að þekkja heildina án þess að þekkja hlutana hvern fyrir sig.

[Eilífð hlutanna sjálfra eða í Guði hlýtur einnig að koma okkur sem erum svo skammlíf, á óvart. Hinn stöðugi óhreyfanleiki náttúrunnar, <í> samamburði við þær sífelldu breytingar sem eiga sér stað í okkur, hlýtur að hafa sömu áhrif.]

Og það sem rekur smiðshöggið á vangetu okkar til þess að þekkja hluti er að þeir eru einfaldir í gerð en við erum samsett úr tveimur andstæðum náttúrum og af ólíkum toga, sál og líkama. Vegna þess að það er ómögulegt að sá hluti okkar sem er skynsamur sé annað en andlegur; og ef við þættumst ekki vera annað en líkami myndi það útiloka okkur enn frekar frá því að þekkja hlutina, því að ekkert er jafn óhugsandi og að segja að efnið þekki sig sjálft. Okkur er ómögulegt að vita hvernig það þekkir sig sjálft.

Og með þessum hætti, ef við <erum> einungis efnisleg, getum við ekki vitað neitt, og ef við erum sett saman úr anda og efni getum við ekki þekkt til fulls einfalda hluti, hvort sem þeir eru andlegir eða efnislegir.

Af þeim sökum rugla næstum allir heimspekingar saman hugmyndum um þessa hluti og tala um efnislega hluti eins og þeir væru andlegir og um andlega hluti eins og þeir væru efnislegir, vegna þess að þeir segja hiklaust að efnislegir hlutir leiti niður, að þeir hverfist um miðju sína, að þeir flýi eyðileggingu sína, að þeir óttist tómið, að þeir hafi þrár, þeim sé vel við eitt-hvað, illa við annað, og allt eru þetta hlutir sem tilheyra einungis andanum. Og, sem þeir tala um andann, líta þeir svo á að hann sé á ákveðnum stað, og að hann geti færst úr einum stað í annan, en það eru hlutir sem tilheyra einungis efnislegum hlutum.

Í stað þess að fá hugmynd um þessa hluti í tærleika sínum, litum við þá með eiginleikum okkar og mörkum far okkar samsettu mannveru á alla einföldu hlutina sem við virðum fyrir okkur.

Hver stæði ekki í þeirri trú, við það að sjá okkur gefa öllum hlutum anda og efni, að þessi blanda væri okkur auðskiljanleg? Og samt er hún einmitt það sem við skiljum hvað minnst: maðurinn sjálfur er undraverðasta viðfangsefni náttúrunnar vegna þess að hann getur ekki skilið hvað efni er og enn síður hvað andi er, og allra síst hvernig efni getur sameinast anda. Þetta er það sem reynist honum erfðast og engu að síður er það hann sjálfur: „*modus quo corporibus adhaerent spiritus comprehendendi ab homine non potest, et hoc tamen homo est*“ (það hvernig andi sameinast efni er utan við skilning mannsins og samt er maðurinn þannig gerður).¹⁹

[Þetta er ein þeirra ástæðna sem gera manninn svo vanhæfan til þess að þekkja náttúruna. Hún er óendanleg á tvo vegu, hann er endanlegur og takmarkaður; hún varir og viðheldur sér óendanlega í tilveru sinni; hann staldrar stutt við og er dauðlegur. Einstakir hlutir spillast og breytast á hverju andartaki. Hann sér þá einungis þegar hann á leið hjá. Þeir hafa forsendu og tilgang. Hann skilur hvorugt. Þeir eru einfaldir en eðli mannsins er tvíþætt.]

Að lokum, til þess að fullkomna þessa sönnun á veikleika okkar, eru hér tvö íhugunarefni ...

186

H.3.

Maðurinn er ekkert annað en reyr, sá veikasti í náttúrunni, en hann er reyr sem hugsar. Alheimurinn allur þarf ekki að búast vopnum til þess að kremja hann; mistur eða vatnsdropi nægir til þess að drepa hann. En þó alheimurinn kremdi hann væri maðurinn enn göfugri en það sem drepur hann vegna þess að hann veit að hann deyr og að heimurinn er máttugri en hann og það veit alheimurinn ekkert um.

Reisn okkar er þess vegna alfarið fólgin í hugsuninni. Hún gerir okkur kleift að rísa upp, en hvorki rúmið né varanleikinn, sem við munum aldrei geta fyllt.

Einbeitum okkur að því að hugsa vel: það er forsenda siðferðisins.

¹⁹ Heilagur Ágústínus, *Um borgríki Guðs*, XXI, 10.

187

Hin eilífa þögn hins óendanlega geims vekur mér ótta.

188

Látið huggast, ekki búast við að hann komi frá ykkur sjálfum, þvert á móti, með því að búast ekki við neinu af ykkur sjálfum munuð þið öðlast hann.²⁰

Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi

²⁰ Þetta torskilda brot er hér þýtt með hliðsjón af skýringum á brotinu *Transition n°8/8* sem finna má á vefsíðunni: Dominique Descotes og Gilles Proust, *L'édition électronique des Pensées de Pascal*, sótt 1. desember 2020 af <http://penseesdepascal.fr/Transition/Transition8-modernephp>. Þar er bent á að „hann“ vísi til þess skilnings á hinu sanna og hinu góða sem leitað er að í *Hugsunum*. Huggunin sé nauðsynleg þegar maðurinn hefur áttað sig á stöðu sinni í heiminum.